

---

## Fáskrúð – Vatnsmiðlun í Hvanná í Dalabyggð

### Ákvörðun um matsskyldu

---

#### 1 Inngangur

Þann 7. febrúar 2022 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá landeigendum jarðanna Ljárskóga og Glerárskóga um vatnsmiðlun fyrir Hvanná í Dalabyggð, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 10.12 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Dalabyggðar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

#### 2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Fáskrúð – Vatnsmiðlun í Hvanná í Dalabyggð. Ljárskógar og Mannvit. Febrúar 2022.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Dalabyggð dags. 15. mars 2022
- Fiskistofu dags. 15. mars 2022 og 19. janúar 2023
- Hafrannsóknastofnun dags. 18. febrúar 2022 og 16. janúar 2023
- Minjastofnunar Íslands dags. 18. febrúar 2022 og 11. janúar 2023
- Náttúrufræðistofnunar Íslands dags. 8. mars 2022 og 11. janúar 2023
- Orkustofnun dags. 9. mars 2022 og 17. janúar 2023
- Umhverfisstofnun dags. 18. febrúar 2022 og 23. janúar 2023
- Veðurstofu Íslands dags. 14. mars 2022

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 14. desember 2022, 7. og 29. mars 2023.

Í kjölfar umsagna sem bárust í ársbyrjun 2022 aflaði framkvæmdaraðili frekari upplýsinga sem bárust í tveimur sérfræðiskýrslum:

- Vatnsmiðlun í Fáskrúð í Dölum með stíflu í Hvanná Náttúrufarsúttekt, unnin fyrir landeigendur. Tringa ehf., október 2022.
- Umsögn um möguleg áhrif vatnsmiðlunar í Hvanná á fiskistofna. Fiskirannsóknir ehf., 8. nóvember 2022.

#### 3 Fyrirhuguð framkvæmd

Hvanná er ein af stofnkvísllum árinna Fáskrúð sem fellur í Hvammsfjörð skammt norðan við Búðardal. Fyrirhuguð framkvæmd felst í að byggja stíflu í Hvanná röskum kílómetra ofan ármóta Hvannár og Köldukvíslar. Stíflan verður hefðbundin jarðvegsstífla með mold sem þéttikjarna og stoðfyllingu úr frostfríu efni. Undir stíflunni verður botnrás, sem notuð verður til vatnsmiðlunar og eftir atvikum tæmingar á lóninu. Botnrásin verður rör, 1200 mm í þvermál. Steypt verður utan um botnrásina til að festa hana. Flæði um botnrásina verður allt að 3 m<sup>3</sup>/s þegar miðlun er virk. Talið er að nægt efni í framkvæmdina sé til staðar í landi Ljárskóga. Notast verður við eins mikið efni af



staðnum og kostur er. Brotið verður úr klöpp fyrir 15 m breiðu framhjáhlaupi við hlið stíflunnar en einnig verður fleygað úr klöpp í árbotni, fyrir botnrás. Allt fleygað efni úr klöpp ásamt steinum sem týndir verða upp af svæðinu verður notað í ölduvörn.

Í greinargerð kemur fram að hæsta rekstrarvatnsborð verði um 215 m hæð yfir sjávarmáli. Stíflukrónan verði í 218 m y.s. og verði hátt í 10 m yfir núverandi árbotni. Stíflan verði um 76 m að lengd og efnispörf hennar um 5.000 m<sup>3</sup>. Nánar er gert grein fyrir framkvæmdinni í greinargerð framkvæmdaraðila.

**Efnistaka og vegslóði.** Í greinargerð kemur fram að afla þurfi hluta efnis í stífluna utan framkvæmdasvæðis. Mögulegt sé að nýta efni úr hálfbragðinginni námu í landi Ljárskóga. Núverandi vegslóði muni nýtast við framkvæmdir en þörf sé á minni háttar lagfæringum og styrkingum á nokkrum stöðum.

**Vatnsbúskapur í nýju lóni.** Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir að lónið standi fullt utan þess tíma sem nauðsynlegt verði að miðla vatni til Fáskrúðar vegna þurrka. Fullt lón verði um 0,58 km<sup>2</sup> að flatarmáli. Reiknað sé með að vatnsmagn í fullu lóni nægi til að tryggja að lágmarki 0,8 m<sup>3</sup>/s rennsli í Fáskrúð á tímabilinu frá 20. júlí til 20. ágúst. Á öðrum tímum muni vatn úr lóninu að jafnaði renna um yfirfall og rennsli stjórnast af náttúrulegu innrennsli. Uppfok úr lóni sé þannig takmarkað eins og mögulegt er. Miðlun úr lóninu verði um botnrásarloka. Komi til mikilla þurrka verði hægt að stýra rennsli þannig að lágmarksrennsli haldist fyrir uppgöngu lax, um 0,8 til 1 m<sup>3</sup>/sek. Sé nægilegt vatn til staðar verði rennsli Fáskrúðar haldið í um 1,5 til 2 m<sup>3</sup>/sek. Þá verði einnig hægt að haga miðluninni þannig að hún sé meiri á daginn en verði í algjöru lágmarki á næturnar, teljist nauðsynlegt að spara vatn í lóninu. Miðað við framangreindar forsendur ætti lónið að vera fullt stóran hluta ársins. Líklega yrði eingöngu dregið niður í því í um 2 mánuði yfir hásumarið.

## 4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila og umsögnum umsagnaraðila.

### Áhrif á jarðmyndanir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að berggrunnurinn á svæðinu sé sorfinn og mótaður af jöklum ísaldar en þar séu engar jarðmyndanir sem njóti verndar. Eftir ágang ísaldarjökulsins standi eftir klapparholt sem að stærstum hluta séu hulin misþykku lagi af jökulruðningi. Í lónsstæði sé yfirborð gróft og merki um að áður hafi legið vatn yfir svæðinu. Gera megi ráð fyrir að framkvæmdirnar hafi takmörkuð áhrif á jarðmyndanir. Á þurrkatímum sé hugsanlegt að foks verði vart úr lónsstæðinu vegna rofs á þeirri gróðurþekju sem þar er. Það yrði þó tímabundið og að öllum líkindum lítið þar sem um takmarkaðan tíma er að ræða yfir hásumarið þegar best viðrar.

### Áhrif á ásynd

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fáir séu á ferli um svæðið í nágrenni stíflu og lóns. Vegslóði liggja upp að leitarhúsi, litlum kofa við bakka Hvanneyra sem sé að öllu jöfnu ekki notaður lengur. Gönguleið liggja meðfram Fáskrúð norðan megin, upp heiðina og beygi upp Stikukvísl við Hvanneyrar. Laxveiði sé stunduð í Fáskrúð en ekki í Hvanná. Það megi því helst gera ráð fyrir að fólk á göngu eða við veiðar verði fyrir sjónrænum áhrifum vegna stíflu og lóns en utan leitarhofa sem stendur við bakka Hvanneyrar séu engin mannvirki á svæðinu. Ásýndaráhrif verði í lágmarki þar sem um jarðvegsstíflu sé að ræða sem verði þannig úr garði gerð að hún falli sem best að landi.

### Áhrif á lífríki

Í náttúrufarsúttekt sem var unnin í kjölfar fyrstu umsagna kemur fram að fuglafána í fyrirhuguðu lónsstæði sé fremur fáskrúðug. Nokkrar tegundir sáust, en varpfluglar voru fáir. Svartbakspár sem sé



á valista sást. Einnig sáust snjótittlingur og stelkur. Það megi því álykta, að fyrirhugað lón muni hafa lítil sem engin áhrif á valistaflugla, né aðra fugla sem kunni að nýta lónstæðið fyrir framkvæmdir. Það kom á óvart hversu lítið fuglalíf var á Fáskrúð og þeim hluta Hvannár, sem var skoðaður. Gulandarpar sást og smyrill með hreiður var við Fáskrúð. Báðar tegundir eru á valista. Vart var við bitmý við fyrirhugað lónstæði.

Fram kemur að engin válistaplanta eða friðlýst tegund hafi fundist í fyrirhuguðu lónstæði. Þar finnst hins vegar vistgerðir með mjög hátt verndargildi: brokflóavist og tjarnarstarafloavist. Língresis- og vingulsvist hafi hátt verndargildi, en aðrar vistgerðir sem fundust, hafi lágt eða miðlungs verndargildi.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að áhrif framkvæmdarinnar einnar og sér á gróðurfar og fuglalíf séu kannski ekki viðamikil en um óafturkræft rask búsvæða verði engu að síður að ræða og taka þurfi tillit til sammögnunaráhrifa vegna annarra áætlaðra framkvæmda, í ljósi þess að svæðið sé innan mikilvægs fuglasvæðis.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að vafasamt sé að ætla honum að meta samlegðaráhrif framkvæmdarinnar með vindorkugörðum í nágrenninu, sér í lagi þar sem um er að ræða mjög lítinn hluta alls votlendis á Laxárdalsheiði auk þess sem fuglar gætu nýtt sér lónið með öðru votlendi á heiðinni. Niðurstöður fuglarannsóknar séu þær að áhrifin gætu jafnvel verið góð á vissar tegundir á meðan vindorkugarðar hafi í för með sér áflugshættu í allt að 200 m hæð yfir jörðu auk rasks á jörðu. Deila megi um hvort rask búsvæða sé óafturkræft þar sem svæðið færi með tímanum í sitt fyrra horf ef stíflan yrði rifin.

Í svörum framkvæmdaraðila við fyrirspurn Skipulagsstofnunar kemur fram að áætlað sé að um fjórðungur eða tæpir 15 ha af lónstæðinu séu votlendisvistgerðir.

### **Áhrif á vatnalíf**

Í viðbótarupplýsingum um möguleg áhrif vatnsmiðlunar á fiskistofna kemur fram að Hvanná eigi upptök sín við suðaustanverðar rætur Rjúpnafells. Í hana safnist vatn úr ótal kvíslum, m.a. Stikukvísl, Fjórðungakvísl og Vatnadalskvísl. Allar renni þessar kvíslar úr/eða í vötn eða tjarnir á heiðinni. Því megi ætla að þarna sé kjörlendi urriða og hornsíla. Svæðið sé víðfeðmt, svo báðar þessar fisktegundir muni geta fært sig um set á framkvæmdartíma. En þær komi svo til með að nota lónið sem búsvæði seinna meir. Urriðaseiði kunni að njóta góðs af skilyrðum sem myndist í lóninu og fyrir neðan það með tímanum. Frá lóninu niður að ármótum Köldukvíslar og Fáskrúð sé töluverð vegalengd. Lax finnst ekki í Hvanná og því muni stíflan ekki hindra gönguleið hans. Með því að miðla vatni yfir mesta þurrkatíma sumarsins, muni það veita nokkuð örugga laxagengd í ána yfir helsta veiðitímann. Á haustin þegar hrygning fari fram sé sennilegt að rigningar muni sjá um að halda vatni í jafnvægi. Meta þarf hvort miðla þurfi vatni að vori þegar seiði séu í fæðisleit og sum á leið til sjávar.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að æskilegt væri að fyrir lægju gögn um tíðni og tímalengd lágrennslis á vatnasvæði Fáskrúðar. Með því kæmi fram að hve miklu leyti líklegt sé að framkvæmdin komi að gagni. Einnig sé nauðsynlegt að gera úttekt á því hvernig vatnsstýring myndi geta orðið t.d. í magni og tíma miðað við rúmmál lónsins. Með því mætti gera sér betur grein fyrir því að hve miklu gagni vatnsstýring myndi koma til með að vega upp á móti náttúrulegum sveiflum í þurrkatíð. Telja verður að þessi þáttur sé sá sem mestu skipti til að greina hvort og þá að hversu miklu gagni framkvæmdin geti orðið. Þannig mætti draga fram tíðni og tímalengd lágrennslis og teikna upp sviðsmyndir af því hve lengi vatnsmiðlun úr fyrirhuguðu lóni myndi nýtast miðað við fyrri reynslu af lágrennslis. Í fyrirbyggjandi gögnum kemur þetta ekki fram en líklegt má telja að slíkar sviðsmyndir þurfi að gera til að hafa forsendur fyrir miðlun vatns líkt og bent var á í fyrri umsögn. Sem lauslega áætluðu dæmi þá myndi rennslis úr fyrirhuguðu miðlunarlóni sem samsvarar 0,5 m<sup>3</sup>/s duga í um 6 vikur samfleytt miðað við 1,85 gl rúmmál miðlunarlóns en aðeins í 3 vikur ef miðlað væri 1 m<sup>3</sup>/s. Auk áforma um að bæta lífsskilyrði laxaseiða eru áform um að auka vatnsrennslis til að



bæta aðstæður til veiða á veiðitíma. Ekki er þekkt að hve miklu leyti aukið vatnsmagn geti bætt aðstæður til veiða en þar er mikilvægt að stöðugleiki ríki. Þekkt sé að miklar og tíðar rennslisveiflur hafi neikvæð áhrif og því sé ekki vænlegt að stýra rennsli innan sólarhrings á veiðitíma. Hafrannsóknastofnun telur að væntanleg áhrif ofan lóns liggja að mestu fyrir. Varðandi áhrifasvæði neðan miðlunarlóns séu ekki líkur til að framkvæmdin hafi neikvæð áhrif en hvort eða hversu jákvæð er óvissa um og getur ráðist af því hvernig rennsli er stýrt.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Haukadalsá sé það vatnsfall sem sé næst Hvanná og unnt sé að fá rennslismælingar frá henni. Áin renni úr Haukadalsvatni. Miðlun rennslis í Haukadalsvatni valdi því að erfiðara er að greina þurrkatímabil en ella. Skoðun á rennslisgögnum leiði í ljós, að algengt sé að rennsli fari þverrandi í um 2 vikur í senn seinni part sumars en stundum vari slík tímabil í um mánuð og í einstaka árum í tvo mánuði. Þurrkar hefjist almennt um mánaðamót júlí og ágúst. Ráðgert sé að settur verði vatnshæðarsíriti í fyrirhugað miðlunarlón í Hvanná og annar síriti í Fáskrúð á hentugum stað, neðan ármóta við Hvanná. Samband rennslis og síritaðrar vatnshæðar við mælinn í Fáskrúð verði fundið með mælingum á rennsli. Miðlun vatns úr fyrirhuguðu lóni muni taka mið af lónhæð og rennsli í Fáskrúð og þannig leitast við að tryggja 1 m<sup>3</sup>/s lágmarksrennsli í Fáskrúð. Við fullt lón og viðunandi rennsli í Fáskrúð verði engu vatni miðlað úr lóninu, umfram náttúrulegt innrennsli í lónið. Fari rennsli Fáskrúðar undir 1 m<sup>3</sup>/s verði vatni miðlað úr miðlunarlóni þannig að rennsli Fáskrúðar haldist um 1 m<sup>3</sup>/s en hluti þess muni þá koma úr náttúrulegum farvegi árinna ofan ármóta við Hvanná. Líklegt er að hægt verði að halda slíku rennsli í um mánaðar tíma, að teknu tilliti til náttúrulegs innrennslis í farvegina á sama tíma. Verði þurrkar langvarandi megi minnka miðlað rennsli úr lóni og tryggja þannig ákveðið rennsli í Fáskrúð, undir 1 m<sup>3</sup>/s við þær aðstæður. Sveifla miðlaðs rennslis milli dags og nætur væri neyðarráðstöfun sem gripið yrði til undir lok langvarandi þurrkatímabils og myndi ekki gera stöðuna neitt verri en við náttúrulega þurra. Við söfnun vatns í miðlunarlón yrði þess gætt, að rennsli Fáskrúðar færi ekki undir 1 m<sup>3</sup>/s. Fáskrúð sé vatnsmikil í vorleysingum í apríl og maí, en þá megi áætla að rennsli sé á bilinu 4 til 10 m<sup>3</sup>/s. Viðkvæmasti tíminn gagnvart rennsli eru sumarmánuðirnir júní, júlí og ágúst. Á þessu tímabili verði miðlað úr lóninu í þurrum árum og þannig reynt að viðhalda eðlilegu og jöfnu rennsli upp á 1,5 m<sup>3</sup>/s. Ef miðað sé við sumarrennsli tekur 3-4 vikur að fylla lónið, en ef komið er fram á haust má gera ráð fyrir úrkomuatburðum sem fylla lónið talsvert hraðar.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er bent á að gera þurfi grein fyrir áhrifum jarðvegsfoks úr lónsbökkum þegar lítið vatn er í lóninu og jarðvegsrofs vegna þessa. Jafnframt er bent á að það sem komi fram í skýrslu Fiskirannsóknna að framkvæmd geti haft jákvæð áhrif á seiðabúskap árinna sé ekki studd neinum gögnum heldur vísað í skýrslu og þaðan teknar ályktanir sem sé algerlega óvíst að eigi við Fáskrúð.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að lónið verði fullt flesta mánuði ársins. Lægsta vatnsstaða sé í þurrkum yfir hásumarið þegar ráðgert sé að nota forða lónsins til miðlunar. Vindar séu yfirleitt hægir að sumarlagi og því sé hætta á jarðvegsfoki úr lónsbökkum lítil. Áhrif á seiðabúskap við þessar aðstæður séu lítt rannsakaðar. Afar líklegt verði þó að telja, að með því að koma í veg fyrir að botn árinna þorni upp, sé ákveðinn stöðugleiki í frumframleiðslu tryggður og þar með einnig í framleiðslu á ófrumbjarga hryggleysingjum sem seiði lifi á. Vegna takmarkaðra rannsókna, muni framkvæmdaraðili sjá til þess að lífríkið verði vaktað fyrir og eftir framkvæmd. Líklega verði fín jarðefni eftir á lónbotninum, a.m.k. fyrstu árin. En lónið verði yfirleitt fullt. Einungis yfir sumarmánuðina, í þurrum árum, sé gert ráð fyrir að nota það til miðlunar. Veðurfarslega sé þetta líklega ákjósanlegasti tíminn þar sem veður séu yfirleitt ekki stórviðrasöm á þessum árstíma og því líklega takmarkað fok úr lónbotninum.

Lónið verði að jafnaði fullt og muni ný strandlína myndast við það. Bakkarof verði fyrst og fremst við ölduhreyfingu en vegna þess hve lónið er lítið er ekki búist við mikilli öldu og þar af leiðandi óverulegu rofi á bökkum.



## 5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er hvorki í samræmi við Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016 né samþykkt Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032 sem er í staðfestingarferli hjá Skipulagsstofnun.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Dalabyggðar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Ekki er unnt að gefa út framkvæmdaleyfi Dalabyggðar nema framkvæmdirnar séu í samræmi við gildandi skipulag. Framkvæmdin er háð leyfi Orkustofnunar vegna vatnsmiðlunar á grundvelli vatnalaga og leyfi Fiskistofu á grundvelli laga um lax- og silungsveiði.

## 6 Niðurstaða

Um er að ræða stíflugerð í Hvanná röskum kílómetra ofan ármóta Hvannár og Köldukvíslar sem mynda ána Fáskrúð. Með stíflunni er ætlunin að miðla vatni niður Hvanná og tryggja lágmarksrennsli í Fáskrúð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.12 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

### Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, samlegðar með öðrum framkvæmdum og nýtingar náttúruauðlinda, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fyrirhuguð framkvæmd felst í að koma fyrir jarðvegsstíflu í farvegi Hvannár með botnrás og yfirfalli í klapparholti við hlið stíflunnar. Ofan stíflunnar kemur til með að myndast 0,58 km<sup>2</sup> lón. Stíflunni og lóninu er ætlað að gera kleift að tryggja tiltekið lágmarksrennsli í ánni Fáskrúð yfir þann tíma árs þegar rennsli í ánni er sem minnst.

Að mati Skipulagsstofnunar er ekki um að ræða umfangsmikla mannvirkjagerð en við framkvæmdirnar verður til nokkuð stórt manngert lón. Efnistaka vegna framkvæmdanna er takmörkuð að umfangi en samkvæmt aðalskipulagi er náma í landi Ljárskóga.

### Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Einnig ber að líta til álagspols náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða, og kjörlendis dýra sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fyrirhuguð mannvirki og lón eru innan svæðis sem skilgreint hefur verið sem mikilvægt fuglasvæði vegna alþjóðlegs mikilvægis fyrir himbrima og álf. Þar er mikið af vötnum og öðru votlendi en vegna mikilvægis fyrir fugla hefur svæðið verið tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár. Ekki eru forsendur fyrir varpi himbrima í lónstæðinu en mögulegt er að álf verpi í votlendi sem fer undir lón. Vettvangsathuganir staðfestu álfir á svæðinu en ekki er ljóst hvort fuglinn verpi í lónstæðinu. Framkvæmdin hefur í för með sér skerðingu á tæplega 15 ha af votlendi.

### Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eðlis og staðsetningar hennar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Bygging stíflu og miðlun úr lóni raskar náttúrulegu rennsli auk þess að hafa áhrif á setflutninga. Það eru líkur á að tæming á lóni leiði til gruggs og tímabundinna breytinga á styrk súrefnis í vatni neðan stíflu með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á lífríki. Þar sem gera má ráð fyrir að lónið verði tæmt flest sumur er líklegt að áhrif slíkra atburða verði takmörkuð.



Í lónstæðinu sjálfu má gera ráð fyrir neikvæðum áhrifum á vatnalíf sem aðlagð er lífi í straumvatni. Því má gera ráð fyrir tapi á búsvæðum urriða og hornsíla á þeim kafla Hvannár sem fer undir lón.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum er fuglalíf á fyrirhuguðu lónstæði fábreytt. Að mati Skipulagsstofnunar verða áhrif á fugla minni háttar.

Óhjákvæmilega mun lónið hafa í för með sér rof úr strandlínu lónsins, einkum þar sem vatnsborðið leggst af miklum þunga undan ríkjandi vindáttum. En í gögnum málsins hefur ekki verið lagt mat á umfang þess. Bakkarofinu fylgir óhjákvæmilega setmyndun vegna tilflutnings lausra jarðefna. En þar sem lónið verður tæmt á hverju ári má búast við að laus finefni geti auðveldlega fokið úr lónstæðinu á þeim tíma. En slíkt ræðst einkum af lengd þess tíma sem borð lónsins stendur lágt í þurrkatíð en gera má ráð fyrir að slíkt ástand standi stutt yfir.

Að mati Skipulagsstofnunar felast neikvæðustu áhrif framkvæmdanna í áhrifum á votlendisvistgerðir en með tilliti til umfangs teljast þau ekki umtalsverð.

Um er að ræða framkvæmdir sem eru að hluta afturkræfar. Það ætti að vera auðvelt að fjarlægja jarðvegsstíflu þannig að breytingar á vatnafari gangi til baka. Óljósara er með afturkræfni áhrifa á búsvæði sem fara undir lón en með tímanum er líklegt að þau endurheimtist að einhverju leyti.

Skipulagsstofnun tekur undir það sem fram kemur í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um að framkvæmdaraðili eigi að setja fram áætlun um vöktun á árangri af framkvæmd og áætlun um að koma svæðinu til fyrra horfs reynist árangur ekki viðunandi. Skipulagsstofnun telur að framangreint eigi að liggja fyrir áður en leyfi verða veitt.

### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd er ekki líkleg hafa umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 22. maí 2023.

Reykjavík, 12. apríl 2023

Egill Þórarinnsson

Sigurður Ásbjörnsson